Dreifbýlishópur 1976
Rauðsokkahreyfingarinnar

---

Leshringur um jafnréttismál I

Starfsáætlun:

1. fundur: Kynningarfundur. Kynning á leshringnum. Starfsáætlun úthlutað og útskýrð. Lesefninu dreift. Til fróðleiks og skemmtunar lesin Gullkorn úr Sjúkrahúslækninum eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur og Gullkorn úr ágripi af fimleikafræði eftir J.Lindhard og Freyjustaðall. Grein um starfshópa kynnt og rædd.

   Lesefni fyrir næsta fund: Kvennaár Sameinuðu þjóðanna. Spurningar til íhugunar fylgja.

2. fundur: KVENNAÁRIÐ
   Umræður á grundvelli spurninganna. Rætt um (hugsanlegan) árangur af kvennaárinu erlendis/á Íslandi/í þínu byggðarlagi. Að hvaða verkefni ættu íslendingar helst að beita sér á jafnréttisáratugnum?

   Lesefni fyrir næsta fund: Úrdráttur úr þætti uppeldisisins í misrétti kynjanna eftir Gerði Óskarsdóttur (erindi frá ráðstefnu ASÍ og BSRB í sept. 1975). Erindinu fylgir verkefni til íhugunar.

3. fundur: UPPELDIÐ
   Allt erindið lesið í upphafi. Síðan rætt.

   Lesefni fyrir næsta fund: Álit ráðstefnu um kjör láglaunakvenna í jan. 1975. Verkefni til íhugunar fylgir. Trúnaðarmenn á vinnustöðum eftir Stellu Stefánsdóttur (erindi flutt í Félagsmálaskóla alþýðu í nóv. 1975).

4. fundur: ATVINNULÍFIÐ
   Umræður á grundvelli spurninganna. Stutt samantekt á erindi Stellu og rætt um reynslu þátttakenda borið saman við lýsingar hennar. Er trúnaðarmannakerfið í nógu góðu lagi?

   Lesefni fyrir næsta fund: Ummenntun eftir Guðrúnu Halldórsdóttur (erindi flutt á Kvennaráðstefnunni á Hótel Loftleiðum í júní 1975). Spurningar fylgja.

5. fundur: MENNTUNIN
   Stutt samantekt á erindinu í upphafi. Umræður á grundvelli spurninganna.

   Lesefni fyrir næsta fund: Erindi um barnaheimili eftir Guðrúnu Friðgeirsdóttur (flutt í útvarpinu árið 1972). Verkefni fylgir.

6. fundur: BARNAHEIMILI
   Stutt samantekt á erindinu í upphafi. Umræður á grundvelli spurninganna.

   Lesefni fyrir næsta fund: Stefnuskrá fyrir Kvindefronten, fyrri hluti. Spurningar fylgja.

7. fundur: STAÐA KVENNA
Samantekt á efninu í upphafi. Umræður á grundvelli spurninganna.

Lesefni fyrir næsta fund: Seinni hluti Stefnuskrár Kvindefrontens. Spurningar fylgja.

8. fundur: STAÐA KVENNA
Samantekt á efninu í upphafi. Umræður á grundvelli spurninganna.

Lesefni fyrir næsta fund: Um starfshópa. Þátttakendur búi sig undir að ræða starfið í leshringnum, kosti þess og galla.

9. fundur: LOKAFUNDUR
Umræður um leshringinn, kosti hans og galla. Reynsla ykkar af starfinu. Er áhugi fyrir áframhaldi?
Er ástæða til að fjölga starfshópum/leshringjum um jafnréttismál?